

77

24. júní

## Reglugjörð

um breytingu á fjallskilareglugjörð, 5. júlí 1902, fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnassýslu.

Amtsráðið í Suðuramtinu gjörir kunnugt:

Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

### Reglugjörð

um breytingu á fjallskilareglugjörð 5. júlí 1902 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnassýslu, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1904,

Við 43. gr.

Á eptir orðunum: »goldinn hálfur tollur« komi: »þó enginn af Flóa- og Skeiðamannaafrejtí«.

Við 45. gr.

Á eptir orðunum í upphafi greinarinnar: »Eigi skal hirða« komi »óheimt«

Suðuramtíð, Reykjavík 24. júní 1904.

*J. Havsteen.*

78

7. júní

## Heilbrigðissamþykkt

fyrir Sauðárkrókskaupþún í Skagafjarðarsýslu.

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir Sauðárkrók að þeim húsum og bæjum meðtöldum, sem byggð eru og byggð kunna að verða í Sauðárlandi áfast við kaupþúnið.

#### 2. gr.

Sýslumaður er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilnefni af íbúum þess svæðis, er samþykktin nær yfir, til jafnlangs tíma, og geta þeir skorast undan endurkosningu um næstu 3 ár.

#### 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmennirnir eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í apríl, júlí og október. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir og annast um, að